

DV



SJÓNVARPIÐ

Fyrsti vetrardagur

- 13.00 **Heimsmeistaramótið í fimleikum.** Bein útsending frá heimsmeistaramótinu í fimleikum í Stuttgart.
- 16.00 **Íþróttir.** M.a. bein útsending frá Íslandsmótinu í handknattleik. Einnig verður greint frá úrslitum dagsins héraðs og erlendis.
- 18.00 **Dvergarikið (17)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir.
- 18.25 **Bangsí bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 18.50 **Táknmálfréttir.**
- 18.55 **Háskasliðið** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
- 20.30 **Lottó.** Framhald
- 20.35 **Stríðsárabliús.** Sjónvarpskabarétt sem byggður er á þekktum lögum frá styrjaldarárunum á Íslandi. Jónas Arnason hefur samið nýja texta við þessi lög og Jóhann G. Jóhannsson hefur útsatt þau. Það eru þau Lisa Pálsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Sigrún Waage, Egill Ólafsson, Pálmi Gestsson og Örn Arnason sem flytja ásamt valinkunnun hópi hljóðfæraleikara og dansara. Leikstjóri Sveinn Einarsson. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
- 21.10 **Stúfur** (Sorry). Breskur gamanmyndaflokkur með Ronnie Corbett í hlutverki Timothy Lumsden sem er piparsveinn á fimmtugsaldri en býr ennþá hjá móður sinni. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 21.40 **Fólkið í landinu.** – Það myndi enginn spyrja ef ég væri milljónamæringur. Sigrún Stefánsdóttir ræðir við Jón Sigurgeirsson, fyrrverandi skólastjóra á Akureyri.
- 22.00 **Líf í tuskunum** (Maxie). Bandarísk gamanmynd frá 1985. Leikstjóri Paul Aaron. Aðalhlutverk Glenn Close, Mandy Patinkin, Ruth Gordon og Barnard Hughes. Stúlka frá þriðja áratugnum hreiðir um sig í líkama nútímakonu og verður hjónaband þeirrar síðarnefndu hið einkennilegasta. Þýðandi Ólaf Pétursdóttir.
- 23.40 **Showdown** Bandarískur vestri frá 1973. Leikstjóri: George Seaton. Aðalhlutverk: Rock Hudson, Dean Martin, Susan Clark og Donald Moffat. Lögreglustjóri í villta vestrinu kemst að því að gamali vinur er foringi fyrir bófa-flokki.
- 1.50 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



- 9.00 **Með Áfa.** Halló, krakkar. Áfi ætlar að syngja fyrir ykkur og segja skemmtilegar sögur. Teiknimyndirnar í dag verða Amma, Grimms-ævintýr, Blöfarnir, Snorkarnir, Óskaskógur og nýja teiknimyndin Skollasögur. Eins og þið vitið eru allar myndirnar með íslensku tali.
- 10.30 **Jói hermaður.** Ævintýrleg og spennandi teiknimynd um alþjóðlegar hetjur sem eru að varðveita heimfríðinn.
- 10.55 **Henderson-krakkarnir.** Astralskur framhaldsflokkur um systkinin Tam og Steve sem nú eru flutt til borgarinnar. Sjúndi þáttur af töl.
- 11.20 **Sigurvegarar.** Sjálfstæður ástralskur framhaldsflokkur í átta hlutum. Fimmi þáttur.
- 12.15 **Fréttagrip vikunnar.** Útdráttur frá nýliðinni viku sem einnig eru fluttar á táknmáli.
- 12.40 **Myndrokk.**
- 12.55 **Togstreita á Barbary-strönd.** Flame of the Barbary Cost. Myndin gerist upp úr aldamótunum. Duke er kúabóndi frá Montana sem kemur til San Francisco til þess að innheimta skuld af eigenda spíllakúbbs. Aðalhlutverk: John Wayne, Ann Dvorak og Joseph Schildkraut.
- 14.25 **Strokubörn.** Runners. Hjólafléfu ára gamall stúlka finnst yfirgefð úti á götu. Þrátt fyrir mikla leit finnst stúlkan hvergi. Enginn virðist hafa séð til ferða hennar. Aðalhlutverk: James Fox, Kate Hardie, Jane Asher og Eileen O'Brien. Bönnuð börnun.
- 16.10 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsflokkur.
- 17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar, úrslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
- 19.19 **Fréttir** og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttaréttum.
- 20.00 **Heilsuælið í Gervahverfi.** Íslenskur grænsápuþæpa þar sem margir af bestu gamanleikurum landsins fara á kostum. Fimmi þáttur af átta. Aðalhlutverk: Edda Björgvinsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Júlíus Brjánsón, Pálmi

- Gestsson og Gísli Rúnar Jónsson.
- 20.30 **Í hita leiksins.** Cuba. Í þessari hrifandi ástamynd leikur Sean Connery breskan málaliða. Hann er ráðinn af bandarísku stjórninni til þess að fara til eyjunnar Kúbu og reka áróður fyrir komu byltíngarinnar. Á eyjunni hittir hann fyrrverandi unnustu sína. Aðalhlutverk: Sean Connery, Brooke Adams og Jack Weston. Leikstjóri: Richard Lester.
- 22.35 **Undirheimar Miami.** Miami Vice. Bandarískur spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Don Johnson og Philip Michael Thomas.
- 23.30 **Ránið á Kari Swenson.** Abduction of Kari Swenson. Þetta er sannsöguleg mynd um skíðakonuna leiknu, Kari Swenson. Fjallamenn rændu henni árið 1984 þegar hún var ein að æfa sig í óbyggðum Montanafjalla. Aðalhlutverk: Joe Don Baker, M. Emmet Walsh, Ronny Cox og Michael Bowen. Stranglega bönnuð börnun.
- 1.05 **Í nautsmerkinu.** Í tyrens tegn. Ljósblá mynd sem á að gerast í Danmörku árið 1925. Fjallar hún um auðugan greifa í smábæ nokkrum sem hefur óstjórnlegan áhuga á konum. Ekki eru allir bæjarbúar hrifnir af þessari kvensemi hans en geta litið aðhafst sökum þess hve margir fyrimenn bæjarins eru háðir greifanum fjárhagslega. Aðalhlutverk: Ole Soltoft, Sigrid Horne-Rasmussen, Karl Stegger, Preben Mahrt og Lone Helmer. Stranglega bönnuð börnun.
- 2.40 **Bláskeggur.** Bluebeard. Allsérstæð spennumynd sem gerist í París í kringum 1880. Lögreglan stendur ráðþrota frammi fyrir óhugnanlegum fjödamorðum á ungum konum. Aðalhlutverk: John Carradine, Jean Parker og Nils Asther.
- 3.50 **Dagskrárlok.**

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Birgir Ásgeirsson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Góðan dag, góðir hlustendur.** Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn** – Ástorsaga úr fjöllum, eftir Guðrúnu Helgadóttur. Sagan er flutt með leikhjóðum. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
- 9.20 **Morguntónar.**
- 9.40 **Þingmál.** Umsjón: Atli Rúnar Halldórsson.
- 10.00 **Fréttir.**
- 10.03 **Hlustendabjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarpsins.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Vikulok.** Umsjón: Einar Kristjánsson og Valgerður Benediktsdóttir. (Tilkynningar kl. 11.00.)
- 12.00 **Tilkynningar.**
- 12.10 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá laugardagsins í Útvarpinu.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 13.00 **Hér og nú.** Fréttabáttur í vikulokin.
- 14.00 **Íslenskur tónlistardagur.** Íslenskt tónskáld, íslenskir tónlistarmenn og íslenskt tónlistarlíf. Dagskrá í tilefni af íslenskum tónlistardegi. Rætt verður við fjölbreyttan hóp tónlistarmanna og leikin íslenskt tónlist.
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.05 **Íslenskt mál.** Guðrún Kvaran flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 9.30.)
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Agrip af sögu óperuflutnings á Íslandi.** Umsjón: Jóhannes Jónasson.
- 17.20 **Al tónmenntum.** Nemendur í tónlistarskólum í nágrenni Reykjavíkur leika og syngja. Umsjón: Sigurður Einarsson.
- 18.10 **Liljur málarsins Claude Monet.** Ferðasaga Lilju eftir Kristínu Björk og Lenu Anderson. Annar þáttur. Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir. (Aður á dagskrá í mál.)
- 18.35 **Tónlist.** Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Ábætur.** Trío Guðmundar Ingólfssonar og Jassmiðlarnir leika.
- 20.00 **Litli barnatíminn** – Ástorsaga úr fjöllum eftir Guðrúnu Helgadóttur. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Visur og þjóðlög.**
- 21.00 **Gestastofan.** Stefán Bragason bregður sér í heimsókn í slátrhús og ræðir við starfsfólkið þar. (Frá Egilsstöðum)
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Dansað með harmonikuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarps húsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.

- 23.00 **Góðvínafundur.** Endurnýjuð kynni við gesti á góðvínafundum í fyrirvetur. (Endurtekinn þáttur frá í fyrirvetur.)
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Um lágnættið.** Sigurður Einarsson kynnir sigilda tónlist.
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Næturútlit á báðum rásum til morguns.**



- 8.05 **Á nýjum degi** með Margréti Blöndal. (Frá Akureyri)
- 10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarpsins.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
- 13.00 **Istoppurinn.** Óskar Páll Sveinsson kynnir. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt.)
- 14.00 **Klukkan tvö á tvö.** Ragnhildur Arnjóltsdóttir og Rósa Ingólfsdóttir.
- 16.05 **Söngur villiandarinna.** Einar Kárasen leikur íslensk dægurlög frá fyrri tíð.
- 17.00 **Fyrirmyndarfólk** lítur inn hjá Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur að þessu sinni.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Blágresið blíða.** Þáttur með bandarískri sveita- og þjóðlagatónlist, einkum bluegrass- og sveitarokk. Umsjón: Halldór Halldórsson. (Einnig útvarpað í Næturútliti áðranótt laugardags.)
- 20.30 **Úr smíðjunni.** Ingvi Þór Kormásson kynnir brasilíska tónlist. (Einnig útvarpað áðranótt laugardags kl. 7.00.)
- 21.30 **Áfram ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
- 22.07 **Blíðið aftan hægra.** Lisa Pálsdóttir.
- 2.00 **Næturútlit á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.00, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- NÆTURÚTLIT**
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Istoppurinn.** Óskar Páll Sveinsson kynnir. (Endurtekinn frá deginum áður.)
- 3.00 **Rokksmíðjan.** Sigurður Sverrisson. (Endurtekið úrval frá fimmtudagskvöldi.)
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Undir væðarvöld.** Ljóf lög undir morgun. Veðurfregnir kl. 4.30.
- 5.00 **Fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum.**
- 5.01 **Áfram ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
- 6.00 **Fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum.**
- 6.01 **Al gömlum listum.** Lög af vinsældalistum 1950–1989.
- 7.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Endurtekið úrval frá sunnudegi á Rás 2.)
- 8.07 **Söngur villiandarinna.** Einar Kárasen kynnir íslensk dægurlög frá fyrri tíð. (Endurtekinn þáttur frá laugardegi.)



- 8.00 **Þorsteinn Ásgeirsson** vaknar og hellingur upp á með hlustendum. Kaffið og góða tónlistin í rúmið. Íþróttaviðburðir helgarinnar teknir fyrir og fróðlegt ryksuguspjall.
- 13.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson og íþróttaviðburðir helgarinnar.**
- 16.00 **Bjarni Dagur Jónsson** í countryham. Bjarni spilar sveitatonlist og kikir á countryvinsældalistann í Bandrikjunum.
- 19.00 **Ágúst Héðinsson** með öll uppáhaldslögin. Íslenskt tónlist og tónlist sem allir þekkja.
- 22.00 **Halþór Freyr Sigmundsson á næturvakt.**
- 2.00 **Dagskrárlok.**



- 10.00 **Kristófer Helgason.**
- 14.00 **Ólöf Marín.**
- 17.00 **Bjarni Haukur** kynnir 30 vinsælustu lögin á Íslandi. Íslenski listinn er eini sinnar tegundar á landinu.
- 19.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Hann kemur þér í rétt laugardagsskap með réttu tónlistinni. Allt það nýjasta í nýbylgjupoppinu og hipp hoppinu hjá Þorsteini.
- 22.00 **Arnar Kristinsson.** Hann er blár og gulur 24 tíma sólarhrings. Síminn er 622939.
- 24.00 **Bein útsending úr vinsælasta diskóteki landsins.** Við sendum út þriggja tíma tónlistardagskrá sem er engri annarri lík.
- 3.00 **Arnar Albertsson** er með allt á heinu. Síminn er 622939.



- 12.00 **FÁ.**
- 14.00 **FG.**
- 16.00 **IR.**
- 18.00 **MH.**
- 20.00 **MS.**
- 22.00 **FB.**
- 24.00 **Næturvakt í umsjón IR.** Óskalog & kveður, sími 680288.
- 4.00 **Dagskrárlok.**



- 8.00 **Björn Þór Sigurbjörnsson.**
- 12.00 **Haraldur Guðmundsson.**
- 15.00 **Nökkvi Svavarsson.**
- 18.00 **Páll Sævar Guðjónsson.**
- 22.00 **Arni Vilhjálmur Jónsson.**
- 3.00 **Arnar Þór Óskarsson.**



- 10.00 **Plötusafnið mitt.** Steinar Viktorsson.
- 12.00 **Poppmessa í G-dúr.** Jens Guð.
- 14.00 **Um Rómönsku Ameríku.** Mið-Amerikunefndin.
- 15.00 **Al veltvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
- 17.00 **Programm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ivarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
- 19.00 **FES.** Unglingaþáttur í umsjá Arna Freys og Inga.
- 21.00 **Sibyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
- 24.00 **Næturvakt.**



- 5.00 **Poppþáttur.**
- 6.00 **Gríníðjan.** Barnabættir.
- 10.00 **Trans World Sport.** Íþróttabáttur.
- 11.00 **Veröld Frank Bough's.** Heimildamynd.
- 12.00 **Jameson's Week.** Rabbþáttur.
- 13.00 **Fjölbragðaglima (Wrestling).**
- 14.00 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
- 15.00 **50 vinsælustu lögin.**
- 16.00 **Dolly.** Tónlistarþáttur.
- 17.00 **Savannah Smiles.** Kvikmynd.
- 19.00 **Tiara Tahiti.** Kvikmynd.
- 21.00 **Fjölbragðaglima. (Wrestling)**
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.30 **Poppþáttur.**



- 13.00 **Hercules Unchained.**
- 15.00 **Transformer, The Movie.**
- 17.00 **Eddie and The Crusiers.**
- 19.00 **Enemy Mine.**
- 21.00 **The Deliberate Stranger, part 2.**
- 23.00 **Emmanuelle IV.**
- 00.30 **Porky's.**
- 03.00 **Highlander.**



- 9.00 **Surfer Magazine.** Brimbretta-keppni á Hawaii.
- 10.00 **Tennis.** Keppni atvinnukvenna í Austuríki.
- 11.00 **Hafnabolti.** Keppni atvinnumannna í Bandaríkjunum.
- 12.00 **Judo.** Keppni þeirra fremstu í Belgíu.
- 13.00 **Fimleikar.** Heimsmeistarakeppnin sem fram fer í Stuttgart.
- 16.00 **Tennis.** Úrslitakeppni landsliða sem fram fer í Tokyo.
- 17.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttabáttur.
- 18.00 **Hockey.** Keppni landsliða á Índlandi.
- 19.00 **Fimleikar.** Heimsmeistarakeppnin sem fram fer í Stuttgart.
- 22.00 **Körfubolti.** McDonalds-keppnin. Evrópsk lið gegn bandarískum.
- 23.00 **Rugby.**




- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 10.00 **Tónlist og tíska.**
- 11.00 **Tourist Magazine.** Ferðabáttur.
- 12.30 **Tónlist og tíska.**
- 13.00 **Charlie Chaplin.**
- 13.30 **Poppþáttur**
- 14.30 **The Big Valley.** Vestramyndaflokkur.
- 15.30 **Dick Powell Theatre.**
- 16.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
- 17.30 **Íþróttir.**
- 19.30 **Snóker.**
- 20.30 **Bird of Paradise.** Kvikmynd.
- 23.40 **Escape from D.S. 3.** Kvikmynd.

Laugardagur 21. október

Rás 1 kl. 21.00:

Gestastofan

Í kvöld verður Gestastofan með nokkuð öðru sniði en venjulega. Í stað þess að fá gesti í hljóðstofu fer umsjónarmaðurinn, Stefán Bragason, sjálfur í heimsókn. Hann lítur við í slátrhúsi Kaupfélags Héraðsbúa á Fossvöllum, en þar tíðkast enn að starfsfólk búi á nokkurs konar heimavist á meðan slátrun stendur yfir. Stefán talar við starfsfólk um andann í „heimavistar-slátrhúsi“ og ýmislegt fleira. Hann heimsækir einnig fyrrum slátrhússtjóra sem segir frá því hvernig lífið var í slátrhúsinu á Fossvöllum hér áður fyrr.



Stefán Bragason bregður sér í heimsókn í kvöld.

Sjónvarp kl. 20.35: Stríðsárabliús

Stríðsárabliús er íslenskur tónlistar- og skemmtiþáttur sem verður á dagskrá Sjónvarps í kvöld.

Uppistaða þessa þáttar eru söngtextar sem Jónas Arnason rithöfundur gerði við nokkur alþekkt dægurlög frá árum seinna stríðs. Jónas var á þeim árum flokku-sveinn í þeirri fjarlægju Ameríku og sumir textarnir endurspegla söknun og trega er útleið fjarri heimkynnum fylgir. Jónas segist sjálfur halda mest upp á viðkvæmari lögin, líkt og hið angurværa „White Cliffs Dover“, en einnig er að finna fjörugri sveiflu í Stríðsárabliús. Hann kveðst raunar sannfærður um að rómantískar og fallegar laglinur séu á ný að komast í tisku enda fólk búið að fá sig fullsatt af öðrum tegund-

um dægurlagatónlistar.

Í Stríðsárabliús er brugðið upp svipmyndum af anda stríðsáranna og inn á milli er svo fléttuð söng- og dansatriðum.

Leikmynd Stríðsárabliús hannaði Þór Elís Pálsson og stýrði hann einnig upptökum. Leikstjóri þessa „kabarets“ er Sveinn Einarsson, dansa samdi Örn Guðmundsson en búningar voru í höndum Ingibjargar Gestsdóttur. Jóhann G. Jóhannsson útsætti tónlistina og stjórnar henni.

Sex dansarar koma fram í sýningunni auk jafnmargra leikara en þeir eru: Lisa Pálsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Sigrún Waage, Egill Ólafsson, Pálmi Gestsson og Örn Arnason. Sjó hljóðfæraleikarar annast undirleik.

Sjónvarp kl. 21.40 – Fólkið í landinu:

Það myndi enginn spyrja ef ég væri milljónamæringur

Í þættinum spjallar Sigrún Stefánsdóttir við Jón Sigurgeirsson frá Akureyri og kallar hún þáttinn: Það myndi enginn spyrja, ef ég væri milljónamæringur.

Jón var um árábil enskukennari við Gagnfræðaskólann á Akureyri og skólastjóri Iðnskólans í rúm tuttugu ár. Þá er Jón Norðlend-ingur að góðu kunnur fyrir brautrygjendastarf í knattspyrnu.

Jón hefur nú lagt af kennsluna fyrir löngu enda

stendur hann á áttaræðu. Árin eru honum þó enginn fjötur um fót, hann er nú búsettur í Þýskalandi og stundar þar guðspeki og svonefnt sogæðanudd.

Heiti þáttarinnar er þannig sprottið að Jón býr ytra með ungru, þýskri konu og hefur það vakið nokkra athygli í hans heimabyggð. Jón kærir sig kollóttan og segir að eins: „Það myndi enginn spyrja ef ég væri milljónamæringur.“

Stöð 2 kl. 23.30:

Ránið á Kari Swenson

Sannsöguleg mynd um skíðakonuna Kari Swenson sem tveir fjallamenn rændu árið 1984 þegar hún var ein við æfingar í óbyggðum Montanafjalla. Fjallamennirnir ákveða að taka Kari sér fyrir konu og eiga með henni börn. Ætlun þeirra er að stofna nýjan ættbálk uppi í óbyggðunum fjarri vönsku heimsins.

Þegar það uppgötvast að

Kari er horfin er þegar í stað hafin leit að henni.

Þegar hópur lögreglumannna undir stjórn Joe Don Baker reynir að bjarga Kari kemur til skothardaga og hún særir og einn lögreglumannanna lætur lífið.

Joe vill þó ekki gefast upp við að ná Kari frá fjallamönnum og koma þeim bak við lás og slá.